

Lög félagsins

Kafli A – Heiti félagsins, starfssvæði og markmið

1. grein – Nafn og starfssvæði

Félagið heitir Skátafélagið Garðbúar.

Heimili þess og starfssvæði er í Reykjavík, eftir nánari ákvörðun Skátasambands Reykjavíkur.

2. grein – Aðild að samtökum

Félagið er aðili að Bandalagi íslenskra skáta og Skátasambandi Reykjavíkur og starfar eftir lögum þeirra.

3. grein – Markmið og leiðir

Markmið félagsins er að þroska börn og ungt fólk til að verða ábyrgir, sjálfstæðir og virkir einstaklingar í þjóðfélaginu. Markmiðum sínum hyggst félagið ná meðal annars með:

- Hópvinnu til að þroska tillitssemi, samstarfshæfileika, ábyrgð og stjórnunarhæfileika.
- Útilífi til að efla líkamsþrek og vekja áhuga á náttúrunni og löngun til að vernda hana.
- Viðfangsefnum af ýmsu tagi til að kenna skátum margvísleg nýtsöm störf, sjálfum þeim og öðrum til heilla.
- Þátttöku í alþjóðastarfi skátahreyfingarinnar til að gefa skátum tækifæri til að kynnast ungu fólki frá öðrum löndum, háttum þess og menningu.

Kafli B – Félagsaðild og skyldur

4. grein – Aðild og skyldur félaga

Til að gerast félagi þarf viðkomandi að vera á öðru grunnskólaári við innritun eða eldri. Leyfi foreldris eða forráðamanns þarf sé viðkomandi ekki sjálfráða.

Hver og einn telst félagi ef félagsstjórn eða fulltrúi hennar hefur samþykkt inntökubeiðni hans, skráð hann í félagatal og tekið við greiðslu árgjalds.

Félagi sem ekki stendur skil á árgjaldi til félagsins er ekki fullgildur félagi.

Gerist félagi brotlegur við lög þessi eða spillir áliti félagsins að mati félagsstjórnar getur hann sætt brottrekstri úr félaginu. Skal þá félagsstjórn tilkynna viðkomandi það skriflega.

Kafli C – Stjórnun félagsins

5. grein – Aðalfundur

Aðalfundur fer með æðstu stjórn í málefnum skátafélagsins Garðbúa. Aðalfundur félagsins skal haldinn í febrúarmánuði ár hvert. Rétt til setu á aðalfundi hafa:

Með atkvæðisrétti:

- Allir fullgildir félagar Skátafélagsins Garðbúa sem verða 16 ára á árinu og eldri. (Fullgildur félagi telst sá sem skráður er virkur félagi í Garðbúum samkvæmt félagatali BÍS.)

Án atkvæðisréttar, með málfrelsi og tillögurétt:

- Allir félagar í skátafélaginu Garðbúum 16 ára og eldri.
- Fulltrúar stjórnar BÍS og SSR.
- Sérstakir boðsgestir stjórnar.

6. grein – Boðun aðalfundar

Aðalfundur skal boðaður skriflega með minnst tveggja vikna fyrirvara til atkvæðisbærra manna og telst tölvupóstur gilt fundarboð til þeirra sem hafa netföng. Á sama tíma skal tilkynnt um fundinn skriflega í skátaheimili Garðbúa og á vefsíðu félagsins. Stjórn BÍS og SSR skal tilkynnt um fundinn með tölvupósti með a.m.k. 2ja vikna fyrirvara. Aðalfundur er löglegur sé löglega til hans boðað.

7. grein – Verkefni aðalfundar

Verkefni aðalfundar eru:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til umræðu og samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Kosning félagsforingja.
6. Kosning fjögurra skáta í stjórn félagsins.
7. Kosning þriggja manna skálastjórnar fyrir Lækjarbotnaskála.
8. Kosning eins skoðunarmanns reikninga.
9. Önnur mál.

Lög þessi skulu liggja frammi á aðalfundi.

8. grein – Stjórn

Stjórn félagsins skal skipuð að lágmarki þremur skátum; félagsforingja, Sjálfboðaliðaforingja og Dagskráforingja. Heimild er að kjósa allt að sjö í stjórn. Þeir fjórir sem skipta með sér verkum, ritari, gjaldkeri, fulltrúi eldri skáta og fulltrúi foreldra. Félagsforingi skal vera eldri en 21 árs. Gjaldkeri félagsins skal vera fjárráða. Stjórnin er kosin til eins árs í senn.

Stjórn félagsins heldur fundi þegar þurfa þykir. Einu sinni í mánuði hið minnsta, nema yfir sumarmánuðina.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar skal haldinn innan tveggja vikna frá aðalfundi.

Skoðunarmenn reikninga eru tveir, annar kosinn á aðalfundi til eins árs í senn, en hinn er tilnefndur af Skátasambands Reykjavíkur.

9. grein – Verkaskipting stjórnar

Félagsforingi:

- Er fulltrúi félagsins út á við.
- Boðar og stjórnar fundum félagsstjórnar.
- Fylgir eftir ákvörðunum aðalfunda, foringjaráðsfunda og stjórnarfunda.
- Skipar foringja og embættismenn félagsins í samráði við aðstoðarfélagsforingja.
- Útbýr erindisbréf til starfshópa eftir þörfum hverju sinni.
- Gerir ráðningarsamninga við starfsmenn félagsins í samræmi við ákvörðun stjórnar.

Dagskrárforingi:

- Hefur yfirumsjón með skipulagningu viðburða á vegum félagsins
- Setur félaginu starfsáætlun og sér til þess að henni sé framfylgt
- Sér til þess að skátastarf sé í boði fyrir alla aldurshópa á starfsárinu
- Hefur yfirumsjón með nýliðun og auglýsingu skátastarfs á svæði félagsins
- Heldur utan um þjónustuverkefni félagsins (t.d. 17.júní, góðverkadaginn)
- Sér til þess að starf sveita og flokka félagsins fylgi hugmyndafræði skátastarfs
- Heldur utan um dagskrábúnað félagsins
- Heldur foringjum félagsins upplýstum um viðburði á vegum Bandalags Íslenskra Skáta og alþjóðasamtaka skáta, WOSM og WAGGGS
- Annast samskipti við dagskráráð, upplýsingaráð og alþjóðaráð Bandalags Íslenskra Skáta
- Gengur í hlutverk félagsforingja í fjarveru hans, ásamt foringja sjálfboðaliða
- Í embættið er kosið á aðalfundi til eins árs.
- Forkröfur: Hreint sakavottorð, hafa náð 18 ára aldri, hafa þekkingu á starfsgrunni skáta
- Áætlaðar tímakröfur:
 - o 2-4 klukkutímar á mánuði í stjórnar- og félagsráðsfundi
 - o 2-3 klukkutímar á mánuði í stjórnar - og félagsráðsfundi
 - o 2-3 helgar á ári í útilegur og námskeið
 - o 1 vika annað hvort ár í skátamót
 - o 2 klukkutímar á viku í ýmsa fundi, símtöl og innri mál
 - o 2-3 dagar á ári í þjónustuverkefni og staka viðburði.
 - o

Sjálfboðaliðaforingi

- Boðar og stýrir félagsráðsfundum
- Sér til þess að foringjar sækji viðeigandi námskeið og þrói sig í starfi
- Sér um samskipti, samstarf og fundi með foreldrum barna í félaginu
- Hefur yfirumsjón með nýliðun og ráðningu foringja og starfsmanna
- Gerir samning um störf foringja og starfsmanna og fylgir eftir með viðtölum
- Fylgist með þroska ungra skáta sem möguleg foringjaefni
- Er trúnaðarmaður foringja og hjálpar þeim við úrlausn innri deilna og vandamála
- Sér til þess að viðbragðsáætlun félagsins sé framfylgt
- Sér til þess að starf félagsins efli leiðtogaþjálfun og fari fram með lýðræðislegum hætti
- Heldur utan um starf baklands skátafélagsins

- Annast samskipti við fræðsluráð og ungmennaráð Bandalags íslenskra skáta
- Gengur í hlutverk félagsforingja í fjarveru hans ásamt dagskrárforingja
- Í embættið er kosið á aðalfundi til eins árs
- Forkröfur: Hreint sakavottorð, hafa náð 18 ára aldri, hafa sótt foringjanámskeið eða sækja það samhliða starfi
- Áætlaðar tímakröfur:
 - 3-5 klukkutímar á mánuði í stjórnar- og félagsráðsfundi
 - 1-2 helgar á ári í útilegur og námskeið
 - 1 vika á ári á skátamót
 - 3 klukkutímar á viku í ýmsa fundi, símtöl og stuðning við foringja

Gjaldkeri:

- Varðveitir félagssjóð og annast greiðslu reikninga.
- Sér um öll fjármál félagsins og hefur eftirlit með sjóðum félagsins, smærri sem stærri.
- Annast umsjón með tryggingum félagsins og eigum þess.

Önnur hlutverk í stjórn:

Ritari:

- Skal halda gjörðabók um alla félagsstjórnarfundum og merka atburði í sögu félagsins.
- Skal varðveita allar útfylltar fundargerðabækur úr félaginu, t.d. flokksbækur og sveitarbækur.
- Annast bréfaskriftir fyrir félagið.
- Sér til þess að fundargerðir stjórnar- og foringjaráðsfundar séu ritaðar og ber ábyrgð á varðveislu þeirra og gerir þær aðgengilegar á vefnum eftir nánari ákvörðun stjórnar.
- Varðveitir afrit af þeim fundargerðum sveita- og flokksfunda sem ritaðar eru.

Fulltrúi eldri skáta

- Sér um samskipti stjórnar við bakland skátafélagsins
- Sér til þess að bakland hittist að minnsta kosti einu sinni á önn

Fulltrúi foreldra

- Er tengiliður foringja við foreldra
- Aðstoðar félagið við að halda foreldrafundi í upphafi starfsárs.

Meðstjórnandi:

- Hefur umsjón með skátaheimili félagsins, þ.m.t. þrifum og viðhaldi.
- Starfar í húsnefnd fyrir hönd stjórnar.

Sameiginlega ber stjórn ábyrgð á stefnumótun félagsins, fjárreiðum, mannaúði og uppbyggingu aðstöðu fyrir félagið. Einnig upplýsingagjöf innan og utan félagsins, samstarfi við önnur félög og samtök, félagatali o.fl.

Stjórn félagsins er heimilt að setja reglugerðir um einstaka þætti félagsstarfsins, t.d. fjármál, blaðaútgáfu, skemmtanahald, skálaferðir o.þ.h. Um slíkar reglugerðir skal fjallað á aðalfundi og þær staðfestar.

10. grein – Viðbrögð við ófyrirséðum starfslokum

Hætti stjórnarmaður störfum einhvern tíma milli aðalfunda kýs foringjaráð félagsins að fengnum tillögum stjórnar annan í hans stað til bráðabirgða fram að næsta aðalfundi.

11. grein – Starfsmenn

Stjórn félagsins er heimilt að ráða starfsmann, einn eða fleiri. Hún ákveður starfssvið og starfskjör.

12. grein – Foringjaráð

Í félaginu starfar foringjaráð sem í eiga sæti félagsstjórn og allir foringjar félagsins, aðstoðarsveitarforingjar og æðri. Foringjaráð heldur fundi einu sinni í mánuði að jafnaði nema yfir sumarmánuðina. Foringjaráð skipuleggur starfs félagsins og ákveður árgjald þess. Aðstoðarfélagsforingi stjórnar fundum foringjaráðs.

13. grein – Skipunarbréf

Hætti foringi eða embættismaður störfum, ber honum að skila öllum gögnum ásamt skipunarbréfi sínu til viðkomandi foringja eða félagsstjórnar.

Kafli D – Önnur ákvæði

14. grein – Slit á félaginu

Hætti félagið störfum, skal Skátasambandi Reykjavíkur falin umsjá eignanna. Skulu þær þá notaðar til heilbrigðrar æskulýðstarfsemi í samráði við stjórn Bandalags íslenskra skáta þar til skátastarf verður endurvakið á starfssvæðinu.

15. grein – Lagabreytingar

Lögum þessum verður aðeins breytt á aðalfundi. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn félagsins fyrir 15. janúar ár hvert og skulu birtar í fundarboði. Lögum þessum verður aðeins breytt ef tveir þriðju hlutar kosningarbærra fundarmanna greiða atkvæði með lagabreytingartillögum. Ákvörðun um slit á félaginu tekur ekki gildi nema fimm sjöttu hlutar kosningarbærra fundarmanna greiði atkvæði með slitum félagsins.



Þannig samþykkt á aðalfundi 21.1.2019.